

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Efni: Greinargerð vegna skipunar í embætti forstjóra Vegagerðarinnar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið auglýsti embætti forstjóra Vegagerðarinnar laust til umsóknar þann 14. apríl sl. í dagblöðum og á vef ráðuneytisins. Ráðuneytinu bárust 25 umsóknir um embættin, frá 9 konum og 16 körlum. Þrjár umsækjendur drógu umsókn sína til baka þannig að umsækjendur voru á endanum 22, 9 konur og 13 karlar.

1. Menntunar- og hæfniskröfur

Eftirfarandi lýsing á starfi og hæfnisskilyrði voru sett fram í auglýsingu (sjá fylgiskjal 1):

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur leiðtogaþæfileika, er framsýnn í hugsun, hefur sýnt hæfni í samskiptum og samvinnu og hefur metnað til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á meistarastigi eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi
- Árangursrík reynsla af áætlunargerð, stjórnun og rekstri
- Góð þekking og reynsla af stefnumótun
- Reynsla af alþjóðar samstarfi kostur
- Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku nauðsynleg

Forstjóri Vegagerðarinnar stýrir stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri. Vegagerðin hefur það hlutverk að þróa, byggja upp, viðhalda og reka samgöngumannvirki og samgöngukerfi landsins. Á meðal annarra verkefna Vegagerðarinnar eru nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarf, almennings-samgöngur, samgönguöryggi, upplýsingamiðlun og alþjóðasamstarf.

2. Störf hæfnisnefndar

Í hæfnisnefnd voru skipuð þau Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, sem var formaður nefndarinnar, Aðalsteinn Ingólfsson, forstjóri Skinneyjar-Þinganes og Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í ráðuneytinu. Nefndin gerði ráðningaráætlun (fylgiskjal 2) sem samþykkt var af ráðherra.

3. Úrvinnsla og flokkun umsókna í samræmi við hæfnisskilyrði

Út frá auglýsingu um embætti forstjóra Vegagerðarinnar voru skilgreindir níu hæfnisþættir, ásamt vægi þeirra. Hæfnisþættirnir eru eftirfarandi: Menntun, stjórnunarreynsla (25%), reynsla af rekstri og áætlunargerð (20%), reynsla af stefnumótun (10%), fagleg þekking á samgöngum eða atvinnulífi (15%), reynsla af þátttöku í alþjóðarsamstarfi (10%), hæfileikar til að miðla upplýsingum á góðri íslensku í

mæltu og rituðu máli (13%), góð kunnátta í ensku (5%), góð kunnátta á Norðurlandamáli æskileg (2%). Aðrir þættir voru einungis metnir í viðtali.

Hver nefndarmanna lagði mat á umsækjendur út frá umsóknargögnum og þeim hæfnisþáttum sem skilgreindir höfðu verið út frá fyrir fram gefnum matsviðmiðum, sem samþykkt höfðu verið af ráðherra (sjá fylgiskjal 3). Hæfni umsækjenda skv. umsóknum var metin á fjögurra punkta Likert kvarða. Nefndarmenn hittust svo á fundi þar sem þeir fóru í gegnum mat hvers og eins. Eftir mat á umsækjendum voru 15 umsækjendur boðaðir til viðtals. Ákveðið var fyrir fram að boða alla starfsmenn Vegagerðarinnar sem sóttu um til viðtals, alls 7 manns, þá var kynjasjónarmið haft í huga við val á þeim sem boðaðir voru til viðtals (sjá fylgiskjal 4). Eftir að boðað hafði verið til viðtala dró einn karlkyns umsækjandi umsókn sína til baka. Þeir 14 umsækjendur sem eftir voru, eru:

Ásrún Rudolfsdóttir, Bergþóra Þorkeldsdóttir, Einar Pálsson, Guðmundur Valur Guðmundsson, Ingunn Loftsdóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Magnús Valur Jóhannsson, Ottó Valur Winther, Ólöf Kristjánsdóttir, Óskar Örn Jónsson, Ragnheiður I Þórarinsdóttir, Róbert Ragnarsson, Runólfur Ágústsson og Sigurður Áss Grétarsson.

Viðtöl fóru fram dagana 28. maí – 1. júní sl. Í viðtölum var notaður fyrir fram skilgreindur og staðlaður spurningalisti (sjá fylgiskjal 5) þannig að allir umsækjendur fengu sömu spurningar. Eftir því sem tilefni var til báru nefndarmenn upp frekari spurningar til umsækjenda til að öðlast gleggri mynd af hæfni þeirra. Spurningarnar miðuðu að því að fá fram betri mynd af þekkingu, reynslu og hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Í viðtölunum gafst umsækjendunum kostur á að koma sér og sinni þekkingu og færni á framfæri út frá fyrri hegðun og reynslu og ætlaðri. Undir lokin fengu umsækjendur tækifæri til þess að gera grein fyrir framtíðarsýn sinni fyrir Vegagerðina, á 5 mínútum. Guðný E. Ingadóttir leiddi viðtölin og tók hvert þeirra um 50 mínútur. Spurt var meðal annars um viðhorf til starfsins, leiðtoga- og stjórnunarfélari, reynslu af fjármálum og rekstri, stjórnunarreynslu, samskiptafærni, reynslu af erlendum samskiptum og tungumálafærni, reynslu af stefnumótun og verkefnastjórnun. Ekki var lagt tölulegt mat á frammistöðu einstaklinganna í viðtali heldur var leitast við að ná fram upplýsingum um reynslu og þekkingu viðkomandi, hvernig hún gæti nýst í viðkomandi starfi og sýn umsækjenda til framtíðar. Þá leitaði nefndin eftir umsögnum um aðila til að fá staðfestingu á þeim þáttum sem fram komu í viðtali og sneru fyrst og fremst að atriðum er snúa að persónunni sjálfri og árangri viðkomandi í starfi. Í ársskýrslu Umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2016 bendir Umboðsmaður á mikilvægi þess að horfa til þess hve vel umsækjandi hafi staðið sig í starfi og þá hvernig ætla megji að sú starfsreynsla muni nýtast í starfi. Í viðtölum reyndu nefndarmenn að fá fram þann árangur sem umsækjendur hefðu sýnt í sínum stöfum og í framhaldi kanna hvort að umsagnaraðilar gætu staðfest góðan árangur í starfi, bæði beint hvað varðaði árangur verkefna og í því að leiða aðra til árangurs. Ákveðið var því að leita umsagna með þeim umsækjendum sem nefndin taldi best til þess fallna að gegna starfi forstjóra Vegagerðarinnar þar sem umsagnaraðilar voru spurðir að því hvort að viðkomandi aðili hefði verið góður og árangursríkur stjórnandi, góður fjármála- og rekstrarmaður, hvernig samskiptafærni viðkomandi væri og annað sem umsagnaraðilar vildu koma á framfæri.

Lokamat nefndar byggir á reynslu og hæfni sem fram kom í umsóknargögnum og viðtölum og studd eru af umsögnum.

4. Umsögn um umsækjendur í starf forstjóra Vegagerðarinnar

Að mati hæfnisnefndar uppfylla allir umsækjendur sem teknir voru í viðtöl þau hæfisskilyrði sem sett voru. Að mati hæfnisnefndar eru fjórir einstaklingar þó betur til þess fallnir að gegna umræddu starfi

en aðrir þegar horft var til þeirrar heildarmyndar sem fékkst úr umsóknargögnum, viðtölum og framtíðarsýn fyrir stofnunina.

Umsækjendurnir eru í stafrófsröð:

Bergþóra Þorkeldsdóttir

Menntun: Bergþóra útskrifaðist með kandiðatspróf í dýralækningum frá konunglega Landbúnaðar- og dýraháskólanum í Kaupmannahöfn árið 1991, hún kláraði þriggja anna rekstrar- og viðskiptafræðinám við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2000 og lauk gráðu í markaðsfræðum frá Chartered Institut of Marketing í Bretlandi árið 2005.

Stjórnunarreynsla: Bergþóra hefur verið stjórnandi með mannaforráð frá árinu 1998. Stærsti hópur sem hún hefur stýrt er um 400 manns hjá ISAM. Í viðtali kom fram að hún reynir að átta sig á stóru línunum og vinnur svo með fólki í að forgangsraða. Hún talaði um að það væri einkum tvennt sem skipti máli í stjórnun: að tala hlutina upp, tala mönnum kjark í brjóst og hitt að leiða ágreiningsmál til lykta.

Reynsla af rekstri og áætlunargerð: Bergþóra hefur góða reynslu af rekstri og áætlunargerð. Hún hefur bæði unnið áætlunargerð og yfirfarið. Þá hefur hún rýnt ársáætlanir og keypt fyrirtæki. Hún segist vera töluglögg og ágætlega fjármálalæs en myndi alltaf velja öflugan fjármálastjóra með sér.

Reynsla af stefnumótun: Bergþóra hefur góða reynslu af stefnumótun. Hún hefur tekið þátt í stefnumótun allt frá árinu 2000, þegar farið var í stefnumótunarvinnu hjá Olíufélaginu sem rekstrarstjóri bensínstöðva félagsins. Hún talaði af þekkingu um stefnumótun í viðtalinu og ljóst af viðtali að hún þekkir lykilatriði stefnumótunar.

Fagleg þekking á samgöngumálum eða atvinnulífi: Bergþóra hefur góða almenna þekkingu á atvinnulífinu frá störfum sínum sem stjórnandi og forstjóri fyrirtækja. Hún þekkir hins vegar minna inn á samgöngumálin almennt og sagði það m.a. sína helstu áskorun að skilja umhverfið.

Reynsla af þátttöku í alþjóðasamstarfi: Reynsla Bergþóru af alþjóðasamstarfi er fyrst og fremst reynsla af samskiptum og samningaviðræðum við birgja. Samskipti sem oft á tíðum voru mjög flókin og reyndu á fleira en bara viðskiptahlið samskiptanna.

Tungumálakunnátta: Bergþóra tjáði sig á góðri ensku og dönsku í viðtali.

Frekari samantekt úr viðtali:

Bergþóra sækir um starfið þar sem að þær kröfur sem eru gerðar höfðuðu til starfsreynslu og þekkingar hennar. Þá finnst henni málaflokkurinn áhugaverður. Aðspurð að því hvað yrði það fyrsta sem hún myndi gera ef hún fengi starfið svaraði hún því að hún myndi byrja á því að tala við starfsfólkið. Hún vill setja sitt mark á starfið en mikilvægast sé að gera sér grein fyrir þeim styrkleikum sem eru til staðar. Hún nefnir að hún komi úr fyrirtækjarekstri og það sé fólgin auðmýkt í því að læra. Hún telur að sínir styrkleikar felist í því að leiða fólk, hún hafi gert það í einhverri mynd allt frá árinu 1994. Hún er hvað stoltust af því að hafa leitt fóðurverksmiðjuna á Grundartanga í gegnum hrúnið sem hún telur að hafi verið ákveðið afrek þar sem að félagið var í raun gjaldþrota. Þegar kemur að samskiptum telur hún hreinskilni skipta mjög miklu máli. Hún sé hreinskiptin við fólk og að mikilvægt sé að geta sagt hlutina í einföldu máli og skiljanlega. Hún segist vera með létt skap í samskiptum en skapmikil. Hún blási fólki byr í brjóst og finnist mikilvægt að fólk fari betra frá manni en það kom. Umsagnaraðili nefndi að samskipti væri hennar helsti styrkleiki. Bergþóra hefur þurft að taka á erfiðum starfsmannámum, þar telur hún lykilatriði að vera sanngjörn og hreinskilin.

Framtíðarsýn

Í framtíðarsýn sinni nefnir hún að mikilvægt sé að hafa 4. iðnbyltinguna í huga þegar kemur að verkefnum Vegagerðarinnar. Hún verði að vera nútímalegur vinnustaður sem haldi í fólki og laði að sér fólki með sérfræðipækningu. Hér þurfi að huga að mannauðnum, hann sé lykilforsendan. Meðalaldur sé hár, starfsaldur einnig og um 80% starfsmanna séu karlmenn, að þessu þurfið að huga. Þá þurfi að leggja áherslu á að fagleg þekking sé mikil hjá Vegagerðinni og nefnir mikilvægi endurmennunar í því samhengi og að þekking á samgöngumálum erlendis sé góð innan Vegagerðarinnar, nefndi hún almenningssamgöngur sérstaklega í þessu tilliti. Eins nefndi hún að gott væri ef stofnunin hefði þekkingu varðandi fjármögnun stórframkvæmda t.d. í formi notendagjalda. Þá talaði hún um miðlun upplýsinga út frá nútíma tækni til almennings og stjórnvalda.

Bergþóra kom vel fyrir í viðtali og ljóst að þarna fer reyndur stjórnandi. Hún hefur mikla þekkingu á stjórnun og rekstri en skortir hins vegar þekkingu á umhverfi hins opinbera. Í umsögnum kom fram að Bergþóra væri góður og framsýnn stjórnandi sem tækist óhrædd á við erfið verkefni.

Kristín Linda Árnadóttir

Menntun: Kristín Linda útskrifaðist með embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands árið 1998. Hún lauk meistaraþráðu í International Environmental Science frá háskólanum í Lundi árið 2002 og LLM frá sama skóla árið 2003 í European Law.

Stjórnunarreynsla: Kristín Linda hefur verið forstjóri Umhverfisstofnunar frá árinu 2008. Þar starfa rúmlega 80 manns ásamt um 20 landvörðum. Í viðtali kom fram að hún væri almennt glaðlyndur, skipulagður og markmiðsdrifinn stjórnandi. Hún sé vel liðin af starfsfólki og hún fái það til að deila sýn sinni með sér.

Reynsla af rekstri og áætlunargerð: Kristín Linda hefur góða reynslu af rekstri og áætlunargerð frá starfi sínu sem forstjóri Umhverfisstofnunar. Hún stýrir rekstraráætlunargerðinni hjá sér og innleiddi þriggja ára áætlunargerð hjá sér. Þá vann hún að innleiðingu LOF-sins fyrir hönd félags forstöðumanna.

Reynsla af stefnumótun: Kristín Linda hefur reynslu af stefnumótun í gegnum störf sín sem forstjóri Umhverfisstofnunar en hún hefur í tvígang farið með stofnunina í gegnum langtíma stefnumótun. Af svörum hennar mátti ráða að hún þekkir vel til lykilhugtaka stefnumótunnar.

Fagleg þekking á samgöngumálum eða atvinnulífi: Kristín Linda þekkir til atvinnulífs í gegnum störf sín sem forstjóri Umhverfisstofnunar. Hún þekkir hins vegar minna inn á samgöngumálin og nefnir það m.a. sem eina af sínum áskorunum að vera ekki verkfræðimenntuð. Á móti kemur að hún hefur mikla þekkingu á mati á umhverfisáhrifum, skipulagsmálum og þeim formkröfum sem opinber útboð gera kröfu um.

Reynsla af þátttöku í alþjóðasamstarfi: Kristín Linda hefur reynslu af alþjóðasamstarfi og hefur haldið kynningar erlendis á vegum Umhverfisstofnunar.

Tungumálakunnátta: Kristín Linda tjáði sig á góðri ensku í viðtali.

Frekari samantekt út viðtali:

Kristín Linda sækir um starfið þar sem henni finnst hugmyndafræðin og landsbyggðarvinkillinn spennandi. Hún telur að það sem hún hafi verið að vinna við hjá eigin stofnun eigi einnig vel við um Vegagerðina. Eins finnst henni að stjórnendur í stærri stofnunum eigi bara að vera í um 10 ár. Aðspurð að því hvað yrði það fyrsta sem hún myndi gera ef hún fengi starfið sagðist hún myndu byrja á að setjast niður með fólkinu, fyrst yfirstjórn og svo starfsmönnum til að átta sig á hvar þau væru staðsett núna. Í framhaldi knýja áfram breytingar og fara í stefnumótun þar sem hún lagði áherslu á að passa að allir starfsmenn kæmu með. Aðspurð sagðist hún vera hvað stoltust af þrennu. Í fyrsta lagi því

teymisskipulagi sem hún kom á, í öðru lagi að vera eina ríkisstofnunin með vottað gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi og í þriðja lagi að vera með skýra stefnu um miðlun. Þegar kemur að samskiptum segist hún vega glaðlynd og eiga auðvelt með samskipti. Hún leggi áherslu á að vera í góðum samskiptum við fólk. Hún hefur þurft að taka á erfiðum starfsmannamálum þar sem hún hefur á skipulegan máta unnið að því að virkja fólk sem hefur orðið vanvirkt.

Framtíðarsýn

Í framtíðarsýn sinni nefnir Kristín Linda að það séu þrír meginþættir sem þurfi að huga að. Í fyrsta lagi stóra myndin, samgöngur séu lífæð bæði þess velferðarkerfis sem við búum við og fyrir samkeppnishæfni atvinnulífis, innviðir þurfi því að styðja við almenning og það sem hann vill. Lífsgæði felist í nærsamgöngum, ganga og hjóla. Samgöngur þurfi að vera hluti af loftlagsvænni framtíð. Í öðru lagi þurfi stofnunin að vera mjög breytingamiðuð sem líti á breytingar sem tækifæri ekki ógn. Þurfum að vera undirbúin undir sjálfkeyrandi bíla og styðja við minni losun og í þriðja lagi er það öryggi. Hér þurfi að huga að ökumanninum sem er talin meiri ógn við öryggi en veghönnunin sjálf. Að lokum þurfi stofnunin að vera traust í hugum landsmanna. Stofnunin eigi að vera þjónustustofnun sem sé fyrirmynd í umhverfismálum með vottað gæðakerfi.

Kristín Linda kom vel fyrir í viðtali. Hún er sjálfsörugg og talaði af þekkingu um breytingarstjórnun. Hún hefur góða þekkingu á því að stýra opinberri stofnun en hefur ekki beina þekkingu af samgöngumálum. Í umsögn kom fram að Kristín hefði forystuhæfileika, hún væri rökföst en virti skoðanir annarra. Auðvelt sé að eiga við hana samskipti og hún horfi fram í tímann.

Magnús valur Jóhannsson

Menntun: Magnús Valur lauk BSc prófi í byggingaverkfræði frá HÍ árið 1980 og MSc í business Administration frá Durham University Business School í Englandi árið 1981.

Stjórnunarreynsla: Magnús Valur hefur verið stjórnandi frá árinu 1990, fyrst sem forstöðumaður rekstrardeildar, síðar umdæmisstjóri og svæðisstjóri og sem framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar frá árinu 2015. Hann hefur mest stjórnað rúmlega 70 manns. Í viðtali kom fram að hann reyni að fá fólk til samstarfs með góðu en geti vel tekið á þegar farið sé yfir mörk. Hann telur að hreinskilni og sannleikur sé farsælast og telur sig hafa náð vel til fólks. Hann veiti fólki ábyrgð og treysti því til að sinna sínum störfum.

Reynsla af rekstri og áætlunargerð: Magnús Valur hefur góða reynslu af rekstri og áætlunargerð. Hann hefur gert áætlanir fyrir sín svið frá árinu 2000. Hann segist eiga auðvelt með fjármálin. Þá var hann forstöðumaður rekstrardeildar Vegagerðarinnar í 10 ár. Umsagnaraðili staðfesti að þekking á rekstri væri hans helsti styrkleiki.

Reynsla af stefnumótun: Magnús Valur hefur reynslu af stefnumótun, annarsvegar leiddi hann stefnumótun rekstrardeildar, þegar hún var stofnuð og hins vegar frá síðustu skipulagsbreytingu hjá Vegagerðinni. Hann var þó meiri þátttakandi en leiðandi í þeirri vinnu.

Fagleg þekking á samgöngumálum eða atvinnulífi: Magnús Valur hefur mikla þekkingu á samgöngumálum í gegnum störf sín hjá Vegagerðinni.

Reynsla af þátttöku í alþjóðasamstarfi: Magnús Valur var í töluverðu alþjóðasamstarfi sem forstöðumaður rekstrardeildar, hann var virkur meðlimur í NVF nefndinni, tók þátt í COST verkefni á vegum Evrópusambandsins sem stóð yfir í nokkur ár og átti í samskiptum við erlenda birgja. Í starfi sínu sem framkvæmdastjóri á hann í formlegum samskiptum við kollega á öllum Norðurlöndunum.

Tungumálakunnátta: Magnús Valur tjáði sig á góðri ensku í viðtali.

Frekari samantekt úr viðtali:

Magnús Valur sækir um starfið þar sem hann telur sig vera í stöðu til að taka við. Hann hafi helgað líf sitt Vegagerðinni og hafi lengi verið í stjórnendastöðu hjá vegagerðinni bæði sem svæðisstjóri og í yfirstjórn. Aðspurður að því hvað yrði það fyrsta sem hann myndi gera ef hann fengi starfið segist hann ekki myndu breyta miklu til að byrja með. Það séu þó breytingar sem hafa legið í loftinu sem þyrfti að klára. Þá sé samtalið við fólkið nauðsynlegt. Hann myndi vera sýnilegur og setjast niður með fólki. Aðspurður að því hvað hann væri hvað stoltastur af nefndi hann tíma sinn hjá rekstrardeild Vegagerðarinnar. Þar hafi hann haft mikil áhrif á hvernig rekstrinum var háttað. Var með sýn og skipulag sem enn er verið að vinna eftir í dag. Innleiddi alls kyns nýjungar með tilliti til nýtingar á mannskap og tækjum, innkaup breyttust og áætlanir um viðhald og framkvæmdir. Þegar kemur að samskiptum nefnir hann að hann eigi auðvelt með að eiga samskipti við fólk, hann hafi yfirleitt átt auðvelt með að ná fólki á sitt band. Honum finnst skipta máli að nálgast fólk án yfirlætis og á jafningjagrunni. Magnús Valur hefur þurft að taka á erfiðum starfsmannámum, hann hafi oftast leyst þau með samtali við starfsmanninn.

Framtíðarsýn:

Magnús Valur lagði áherslu á að fyrirbyggjandi verkefni næstu ára væru ærin og myndu aukast hvort sem horft er til nýframkvæmda, viðhalds eða þjónustu. Hann teldi ekki þörf á að breyta þeirri aðferð sem Vegagerðin beitir við undirbúning og stjórnun þeirra verkefna sem stofnunin stendur að. Eitt stærsta vandamálið á undanförunum árum hefur verið skortur á fjármagni. Vinna þyrfti í að bæta þar úr og nefndi að spennandi gæti verið að líta til fjölbreyttari valkosta við fjármögnun framkvæmda. Hann talaði um að verkefni Vegagerðarinnar breytast ekkert, helstu verkefni eru hvernig á að fjármagna viðhald og verkefni. Á t.d. að fara í gjalddöku. Það þarf að takast á við uppsafnaðan viðhaldsvanda. Höfum ekki fylgst nægjanlega vel með hvað varðar tæknibreytingar, það þarf að leggja meiri áherslu á það. Gæðakerfið þarf að vera staðfastara og að vera vottað. Sér ekki fyrir sér stórar breytingar.

Magnús kom ágætlega fyrir í viðtali. Hann þekkir mjög vel til Vegagerðarinnar og mátti ráða af viðtali við hann að hann sæi ekki tilefni til mikilla breytinga á stofnuninni. Í umsögn aðila kom fram að Magnús Valur væri mjög góður rekstrarmaður og væri vel liðinn af starfsfólki.

Róbert Ragnarsson

Menntun: Róbert útskrifaðist með B.A. próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 2001 og Meistarapróf í stjórnmálafræði frá sama skóla árið 2003.

Stjórnunarreynsla: Róbert hefur verið stjórnandi frá árinu 2006, þegar hann varð bæjarstjóri Voga. Hann hefur mest stjórnað rúmlega 200 manns þegar hann var bæjarstjóri í Grindavík. Í viðtali kom fram að hann veiti sérfræðingum frelsi en haldi jafnframt aftur af þeim ætli þeir fram úr sér. Hann sér hlutverk sitt að leiða fólk saman, ekki of stjórna. Hann telur að mikilvægt sé að veita fólki upplýsingar, þannig fái maður það með sér. Einnig sé nauðsynlegt að setja mörk, hlusta og sjá hvað skiptir máli. Þegar samráði sé lokið þá þurfi að taka ákvörðun.

Reynsla af rekstri og áætlunargerð: Róbert hefur góða reynslu af rekstri og áætlunargerð. Hann gerði allar áætlanir þegar hann var bæjarstjóri í Vogum. Þá vann hann náið með fjármálastjóra Grindarvíkur

og náði þar tókum á launakostnaði og jók tekjur. Umsagnaraðili nefndi að Grindavík hefði verið hástökkvari yfir best reknu sveitarfélögin eftir að hann tók við sem bæjarstjóri.

Reynsla af stefnumótun: Róbert hefur góða reynslu af stefnumótun. Hann hefur verið ráðgefandi í stefnumótunarverkefnum og unnið m.a. tvær skólastefnur, skipulagsstefnu og stefnumótun fyrir Geopark. Af svörum hans í viðtali var ljóst að hann þekkir vel helstu lykilatriði stefnumótunnar.

Fagleg þekking á samgöngumálum eða atvinnulífi: Róbert hefur góða þekkingu af atvinnulífi og góða innsýn í samgöngumál frá störfum sínum sem bæjarstjóri.

Reynsla af þátttöku í alþjóðasamstarfi: Róbert hefur reynslu af alþjóðasamstarfi frá vinnu sinni í ráðuneytinu eins sem sveitarstjóri í vinarbæjarsamstarfi.

Tungumálakunnátta: Róbert tjáði sig á góðri ensku í viðtali.

Frekari samantekt eftir viðtal:

Róbert sækir um starfið þar sem honum finnst það mjög spennandi. Hann vill hafa áhrif á samfélagið. Aðspurður af því hvað væri það fyrsta sem hann myndi gera ef hann fengi starfið sagðist hann myndu byrja átta sig á starfsmönnum, starfsemi og menningu. Átta sig á hverjir væru lykilstarfsmenn og fara á milli starfsstöðva. Aðspurður að því hvað hann væri einna stoltastur af nefnir hann Geopark verkefnið. Hann hafi haft þá sýn að geta skapað störf, þar sem atvinnumarkaður var erfiður, með því að efla ferðaþjónustuna frekar en að einblína á stóriðju. Þá sé hann einnig stoltur af foreldrafærni verkefni sem hann hafi byggt upp og verið ráðgefandi í framhaldinu í öðrum sveitarfélögum um framkvæmd. Í þriðja lagi nefndi hann lausn sem hann fann á deilu milli Grindavíkur og Bláa lónsins. Þegar kemur að samskiptum segir hann að gleði sé ákveðið lykilmál, það skipti máli að hafa gaman. Þá skipti máli að bera virðingu fyrir því sem hver og einn er að gera og skilja afstöðu hvers og eins, án þess að þurfa alltaf að vera sammála. Róbert hefur þurft að takast á við erfið starfsmannamál, þar hefur hann þurft að beita ýmsum úrræðum, allt frá því að leysa mál með samtölum í fyrirvaralausán brottrekstur.

Framtíðarsýn

Í framtíðarsýn sinni nefnir Róbert mikilvægi þess að Vegagerðin líti á sig sem þjónustustofnun sem þjónustu vegfarendur á sjó og landi og eins kjörna stjórnendur eins og sveitarstjórnir og Alþingismenn. Hann telur að Vegagerðin geti haft meira frumkvæði að því að aðstoða og leiðbeina. Þá nefndi hann að Vegagerðin þyrfti að huga að öllum tegundum samgöngumáta og þyrfti að leiða þá umræðu eins og t.d. vistvænar samgöngur.

Róbert kom vel fyrir í viðtali, hann var áhugasamur um verkefnið og talaði af reynslu um stjórnun. Hann hefur góða þekkingu á málefnum sveitarfélaga og þekkir til verkefna Vegagerðarinnar í gegnum störf sín þar. Í umsögn kom fram að Róbert væri óhræddur að takast á við erfið verkefni, hann væri góður stjórnandi og þjálfari sem fengi fólk með sér. Hann væri mjög framsækinn og góður í breytingastjórnun.

Reykjavík 12.06.2018

f.h. hæfnisnefndarnefndar

Ari Kristinn Jónsson formaður hæfnisnefndar

Vilt þú leiða Vegagerðina inn í framtíðina?

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir embætti forstjóra Vegagerðarinnar laust til umsóknar.

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur leiðtogaþæfileika, er framsýnn í hugsun, hefur sýnt hæfni í samskiptum og samvinnu og hefur metnað til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á meistarastigi eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi
- Árangursrík reynsla af áætlunargerð, stjórnun og rekstri
- Góð þekking og reynsla af stefnumótun
- Reynsla af alþjóðar samstarfi kostur
- Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku nauðsynleg

Forstjóri Vegagerðarinnar stýrir stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri. Vegagerðin hefur það hlutverk að þróa, byggja upp, viðhalda og reka samgöngumannvirki og samgöngukerfi landsins. Á meðal annarra verkefna Vegagerðarinnar eru nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarf, almenningsamgöngur, samgönguöryggi, upplýsingamiðlun og alþjóðasamstarf.

Í umsókn skal koma fram sá árangur sem umsækjandi hefur náð í starfi og viðkomandi telur að nýtist í starfi forstjóra Vegagerðarinnar.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstjóra Vegagerðarinnar til fimm ára frá 1. júlí nk. Fjármálaráðherra ákvarðar föst laun í dagvinnu og önnur laun sbr. 39. gr. a. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Upplýsingar um embættið veitir Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, í síma 545 8200.

Umsóknum skal skila rafrænt á starf@SRN.is Umsóknarfrestur er til 19. maí nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir.

Áætlun

um ráðningarferli

vegna embættis vegamálastjóra

maí 2018

<p>Undirbúningur</p> <p>1. – 27. maí</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Embættið auglýst í dagblöðum þann 7. apríl 2018 með endanlegum umsóknafresti til 19. maí 2018. 2. Skipuð þriggja manna hæfnisnefnd sem ætlað er að meta hæfi og hæfni umsækjenda og gera tillögu til ráðherra um hvaða umsækjandi telst hæfastur á grundvelli þeirra sjónarmiða sem nefndin leggur mati sínu til grundvallar. 3. Ráðgjafar fara yfir þær umsóknir sem eru komnar m.t.t. þess hvort þeir séu vanhæfir samkvæmt 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. 4. Fundur nefndarmanna í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Matsrammi fyrir fyrsta mat umsókna. Matið er byggt á þeim viðmiðum sem leiða af auglýsingu um starfið. <ul style="list-style-type: none"> • Meistarapróf í fagi sem nýtist í starfi er skilyrði eða grunnháskólamenntun og haldbær reynsla af störfum sem nýtist í starfi • Reynsla af áætlunargerð, stjórnun og rekstri skilyrði • Góð þekking og reynsla af stefnumótun • Reynsla af alþjóðar samstarfi kostur • Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku nauðsynleg. • Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og uppbyggilegt viðmót • Leiðtogahæfileikar og framsýn hugsun. • Metnaður til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs. 5. Matsrammi nefndar borinn undir ráðherra til samþykktar 6. Viðtalsgögn undirbúin og borin undir ráðherra til samþykktar 7. Ráðherra upplýstur um hverja nefndin hyggst boða til viðtala og samþykki ráðherra fengið fyrir viðtalslista.
<p>28. maí – 1. júní</p>	<ol style="list-style-type: none"> 8. Viðtöl fara fram, allir nefndarmenn eru viðstaddir öll viðtöl. 9. Hver nefndarmaður metur sjálfstætt frammistöðu allra umsækjenda í viðtölum. 10. Fundur nefndarmanna í kjölfar viðtala þar sem farið er yfir niðurstöður úr matinu. 11. Nefndarmenn gera tillögu um hvort framkvæma eigi þriðja mat. Þar koma til greina eftirfarandi leiðir (val ræðst af þeim

	<p>umsækjendum sem eftir standa og þeim upplýsingum sem ráðgjafar telja æskilegt að afla):</p> <ul style="list-style-type: none"> • Verkleg æfing, til að styðja mat á leiðtogahæfileikum og samskiptahæfileikum • Ítarlegri kynning umsækjanda á framtíðarsýn eða líklegri nálgun sinni við tiltekin verkefni. • Öflun umsagna frá fyrri vinnuveitendum, til að styðja við mat á ofangreindum þáttum eða öðrum.
<p>2. -15. júní Skil til ráðherra</p>	<p>12. Þriðja mat fer fram ef ákveðið er að framkvæma það</p> <p>13. Drög að mati nefndar á hæfni umsækjenda sent umsækjendum til umsagnar.</p> <p>14. Hæfnisnefnd gengur frá lokaskýrslu að teknu tilliti til athugasemda umsækjenda.</p> <p>15. Hæfnisnefnd skilar skriflegri og rökstuddri niðurstöðu til ráðuneytisins þar sem tilgreint er hvaða umsækjendur nefndin telur hæfa til að taka við embættinu og hvort hún telji einhverja hækfari en aðra á grundvelli þeirra atriða sem lagt var mat á og komu fram í auglýsingu.</p>

Forstjóri Vegagerðarinnar

Matsviðmið, vægi og einkunnagjöf.

Í skjali þessu er gerð grein fyrir viðmiðum og einkunnagjöf einstakra viðmiða sem byggt er á við mat á umsóknum um starf forstjóra Vegagerðarinnar

Æ = Æskilegt

S = Skilyrði

- Meistarapróf í fagi sem nýtist í starfi er skilyrði eða grunnháskólamenntun og haldbær reynsla af störfum sem nýtist í starfi
- Reynsla af áætlunargerð, stjórnun og rekstri skilyrði
- Góð þekking og reynsla af stefnumótun
- Reynsla af alþjóðar samstarfi kostur
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku nauðsynleg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og uppbyggilegt viðmót
- Leiðtogaþæfileikar og framsýn hugsun.
- Metnaður til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

1. Meistarapróf á háskólastigi sem nýtist í starfi eða grunn háskólamenntun og mjög góð reynsla í starfi. (S)

___já

___nei

2. Reynsla af stjórnun. (S) (25 stig)

Stig	
0	Engin stjórnunarreynsla
1	Undir tveggja ára reynsla af stjórnun verkefna eða lengri stjórnun umfangslítilla verkefna
2	Stjórnun umfangsmikilla verkefna í meira en 2 ár
3	Stjórnunarreynsla með bein mannaforráð í fámennum hópi (20 starfsmenn eða færri) / stjórnunarreynsla stærri hóps innan við 5 ár
4	Stjórnunarreynsla með bein mannaforráð með stærri hópi (fleiri en 20 manns) í meir en 5 ár

3. Reynsla af rekstri og áætlunargerð. (S) (20 stig)

Stig	
0	Engin reynsla af áætlunargerð og rekstri
1	Gömul reynsla (eldri en 10 ára) / Takmörkuð reynsla (undir 3 ár) eða umfang starfsins lítið
2	Minna en þriggja ára reynsla af umfangsmeiri áætlunargerð og rekstri eða lengri reynsla þar sem umfang er lítið, t.d. rekstur lítillar einingar innan vinnustaðar
3	Þriggja ára reynsla eða meira af umfangsmeiri áætlunargerð og rekstri eða minni en 5 ára reynsla af umfangsmiklum rekstri, t.d. rekstur stórrar einingar eða vinnustaðar
4	Meir en 5 ára reynsla af umfangsmiklum rekstri og áætlunargerð þar sem viðkomandi er forstöðumaður stórrar einingar eða vinnustaðar.

4. Reynsla af stefnumótun (S) (10 stig)

Stig	
0	Uppfyllir ekki skilyrði
1	Komið að stefnumótun í störfum sínum
2	
3	Leitt mótun stefnu þar sem umfang er meira
4	Leitt stefnumótun skipulagsheildar

5. Þekking á samgöngumálum eða atvinnulífi. (Æ) (15 stig)

Stig	
0	Engin reynsla
1	Unnið í minna en 5 ár þar sem reynir á almenna þekkingu á samgöngum eða atvinnulífi
2	Unnið í meira en 5 ár þar sem reynir á almenna þekkingu á samgöngum eða atvinnulífi
3	Umfangsmeyri reynsla af atvinnulífi í meira en 5 ár. T.d. nefndarsetna, greinaskrif, stærri verkefni, vinnuhópar
4	Umfangsmeyri reynsla af samgöngumálum í meira en 5 ár. T.d. nefndarsetna, greinaskrif, stærri verkefni, vinnuhópar á sviði samgöngumála.

6. Reynsla af þátttöku í alþjóðasamstarfi (Æ) (10 stig)

Stig	
0	Mæld eftir virkni þátttöku (td. í umræðum, samstarfi, stefnumótun og samningagerð, starfi hjá alþjóðastofnun)
1	Lítill (áheyrandi á fundum, ráðstefnum, litlum erlendum samskiptum)
2	Miðlungs (ákveðin reynsla af því að setja fram sjónarmið og taka þátt í umræðum, í nokkuð reglulegu samstarfi við erlenda kollega)
3	Umtalsverð (mikil reynsla af framsögu og þátttöku í umræðum, samningagerð við erlenda aðila)
4	Mikil (unnið hjá alþjóðastofnun, stjórnandi í alþjóðlegu starfi, stjórn s samningagerðar við erlenda aðila)

7. Hæfileikar til að miðla upplýsingum á góðri íslensku í mæltu og rituðu máli. (S) (13 stig)

Stig	
0	Uppfyllir ekki skilyrði
1	
2	Góð framsögn – miðlungs texti

3	Góð íslenska í ræðu og riti. Reynir nokkuð á textaskrif og framsögn í starfi. Ferilskrá og önnur gögn sem fylgja umsókn styðja það mat
4	Mjög góð íslenska í ræðu og riti. Reynir mikið á textaskrif og framsögn í starfi. Ferilskrá og önnur gögn sem fylgja umsókn styðja það mat

8. Góð kunnátta í ensku. (S) (5 stig)

Stig	
0	Uppfyllir ekki skilyrði
1	Getur lesið og skilið ensku en talar lítið
2	Góð almenn enskukunnátta
3	Mjög frambærileg enskukunnátta í ræðu og riti, td. v. búsetu í enskumælandi landi eða enska notuð í starfi í skemmri tíma
4	Framúrskarandi enskukunnátta í ræðu og riti, td. v. búsetu í enskumælandi landi eða enska notuð í starfi í þrjú ár eða meira

9. Góð kunnátta í öðru Norðurlandamáli. (Æ) (2 stig)

Stig	
0	Uppfyllir ekki skilyrði
1	Getur lesið og skilið annað Norðurlandamál en talar lítið
2	Góð almenn kunnátta í öðru Norðurlandamáli
3	Mjög frambærileg kunnátta í öðru Norðurlandamáli, td. v. búsetu annars staðar á Norðurlöndum í skemmri tíma eða Norðurlandamál notað í starfi
4	Framskúrandi beiting á öðru Norðurlandamáli, t.d. v. Náms/starfs annars staðar á Norðurlöndum í þrjú ár eða meira

Starf: Forstjóri Vegagerðarinnar (Vegamálastjóri)

Dags: _____

Nafn matsaðila: _____

Nafn umsækjanda: _____

A. Inngangur / Upphitun:

1. Segja stuttlega frá okkur og því hvernig viðtalið fer fram, tímaáætlun og ferli við ákvörðunartöku. Segja frá fjölda sem sótti um og hve margir verða teknir í viðtal.
2. Segja frá því að punktar verði teknir í viðtalinu og að allir sem teknir eru í viðtal fái sömu/sambærilegar spurningar.

B. Sýn og leiðtogafærni

1. Af hverju sækir þú um starfið?
2. Ef þú fengir starfið, hvað er það fyrsta sem þú myndir gera?
3. Færðu rök fyrir því að þú hafir leiðtogahæfileika í nægilega ríkum mæli til að stýra Vegagerðinni
4. Getur þú sagt okkur frá stjórnunarstíl þínum – hvernig færð þú fólk til að framkvæma hluti/jafnvel skipta um skoðun, komið með dæmi)?
5. Hvað er það sem þú ert stoltastur/stoltust af að hafa áorkað í núverandi starfi?
6. Hvað telur þú að muni helst nýtast þér úr fyrri eða núverandi störfum í þessu starfi? (styrkleikar).

7. Hvað í starfinu telur þú að myndi verða mesta áskorunin fyrir þig? (veikleikar).

D . Stjórnun; daglegur rekstur, fjármál og árangursstjórnun:

1. Hver er stærsti starfsmannahópur sem þú hefur stjórnað eða haft yfir að ráða til þessa og hve lengi stjórnaðir þú þeim hópi? (umfang og úthald í stjórnun).
2. Eitt af hlutverkum forstjóra er að halda utan um fjárreiður stofnunarinnar. Getur þú skýrt frá reynslu þinni af og aðkomu að áætlanagerð og notkun og lestur ársreikninga og jafnframt lagt mat á eigin fjármálalæsi?

E. Samskiptafærni: (15)

1. Hæfni í samskiptum er einn af þeim þáttum sem mikilvægt er að horfa til þegar velja á vegamálastjóra. Hvað að þínu mati er einkennandi fyrir þann sem hefur góða hæfni þegar kemur að samskiptum? Hverjir eru þínir helstu styrkleikar í samskiptum? Hefur þú verið farsæl/ l í samskiptum?
2. Hefur þú þurft að taka á erfiðum starfsmannamálum á þínum ferli? Hvaða aðferðum beittir þú og hvernig tókst til?
3. Þykir þér vænt um fólk? Hvernig sýnir þú það?
4. Hvaða sýn hefur þú á samskipti vegamálastjóra við fagráðuneyti og þá sem leita til stofnunarinnar (s.s. aðrar stofnanir, sveitarfélög, fjölmiðla ofl.)?

F. Erlend samskipti og tungumálafærni:

1. Getur þú sagt okkur aðeins frá eðli og umfangi erlendra samskipta í fyrri störfum þínum? Og hvernig þú öðlaðist þá tungumálafærni sem þú ert með, á viðkomandi tungumáli.

G. Stefnumörkun og verkefnastjórnun:

1. Hver er reynsla þín af stefnumótun? Hver eru lykilatriði sem horfa þarf til að þínu mati þegar farið er í stefnumótun?
 2. Nefndu dæmi um nokkra lykilárangursmælikvarða sem þú metur mikilvægt að setja Vegagerðinni.
 3. Hvaða aðferðum beitir þú við verkefnastjórnun (einstaklinga og hópa). Hvernig tryggir þú eftirlit með verkefnum? Hvaða aðferðum beitir þú þegar starfsmenn eru ekki að standa við gefnar tímasetningar í verkefnum?
-
1. Getur þú gefið okkur dæmi um faglegt frumkvæði um breytingar eða þróun á verklagi eða skipulagi/skipuriti í störfum þínum.

H. Að lokum:

- I. Þegar þú varst boðaður í viðtal þá varstu látinn vita að þú yrðir beðinn um að kynna fyrir okkur sýn þína á Vegagerðinni á 5 mínútum? Hver er hún í stuttu máli?

1. Er eitthvað sem við höfum gleymt að spyrja um sem þú vilt koma á framfæri? (Meðmæli/annað sem vantar?).
2. Er eitthvað sem þú vilt spyrja um?
3. Segja frá næstu skrefum (Valnefnd).
4. Tekin viðtöl við x umsækjendur næstu daga og gert ráð fyrir að reyna að ljúka ferlinu fyrir xx.